

## Aðgerðir til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga SORPU bs

Fjárhagsstaða SORPU bs hefur verið erfið og veldur þar mestu minnkandi tekjur vegna minna magns úrgangs og umfangsmikillar fjárfestingar í breyttri meðferð úrgangs, án tilsvareandi aukningar tekjustreymis. Sú almenna mynd var dregin upp og kynnt ítarlega á fundi allra kjörinna fulltrúa þeirra sveitarfélaga er standa að samlaginu í Fagralundi þann 24. febrúar sl. Heildarkostnaður samlagsins vegna gas- og jarðgerðarstöðvar (GAJA), sem nú er að ljúka er um 5.312 milljónir króna og þar við bætist kostnaður vegna tækjabúnaðar í móttöku- og flokkunarstöð (MTFS) í Gufunesi um 833 milljónir króna. Kostnaður vegna þessara verkefna hefur farið töluvert fram úr áætlunum. Grein er gerð fyrir þróun kostnaðaráætlunar vegna GAJA í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar frá desember 2019 (SORPA bs. stjórnarhættir / áætlunargerð gas- og jarðgerðarstöð).

Taflan hér að neðan er sviðsmynd af fjárhagsstöðu samlagsins miðað við óbreytt ástand. Að óbreyttu er félagið fjárhagslega ósjálfbært og vanfjármagnað.

Grunnmynd án aðgerða (þ.kr.)	2020	2021	2022	2023	2024
EBIT	( 73.338)	( 210.780)	( 204.160)	( 196.839)	( 182.354)
Rekstrarniðurstaða	( 273.785)	( 400.087)	( 378.153)	( 348.139)	( 318.210)
Veltufé frá rekstri	133.283	101.693	130.256	166.898	197.027
Afborganir lána SORPU	( 218.235)	( 202.692)	( 203.748)	( 185.993)	( 817.658)
Handbært fé frá rekstri í árslok	( 81.121)	( 1.457.344)	( 1.690.186)	( 1.809.872)	( 2.506.015)

Á vormánuðum 2020 hefur verið unnið að hagræðingaraðgerðum, en einnig víðtækri fjárhagslegri endurskipulagningu samlagsins. Í þeirri tillögu sem hér er borin fram er fjallað um tvo þætti:

1. Stofnframlög eigenda samlagsins.
2. Endurskoðun á staðfestri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun samlagsins.

### 1. Stofnframlög eigenda samlagsins

Í upphaflegri áætlun frá 2014 var gert ráð fyrir að heildarfjárfestingarkostnaður ofangreindra verkefna myndi nema tæpum 2.500 mkr og eigendur myndu leggja til 500 mkr í stofnframlög. Þrátt fyrir mikla aukningu kostnaðar hafa stofnframlög eigenda aðeins hækkað um 50 mkr. Nú er lagt til að eigendur leggi til alls 1.000 mkr til viðbótar sem skiptast á árin 2020 og 2021. Ástæður tillögunnar um aukin stofnframlög að fjárhæð 1.000 m.kr. má fyrst og fremst rekja til mikillar hækkunar á fjárfestingakostnaði í GAJA og MTFS miðað við áætlanir. Ennfremur kallar breytt vinnsluferli samlagsins á viðbótarfjárfestingar sem búið er að leggja mat á í tillögu að endurskoðaðri fjárfestingaráætlun. Nánar tiltekið er lagt til að framlagt stofnfé eigenda verði sem hér segir:

Júní 2020:	300 m.kr. (óskast greitt fyrir 10. júlí)
September 2020:	200 m.kr.
Árið 2021:	500 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>1000 m.kr</b>

Aukin stofnframlög vinna gegn lækkun eiginfjárlutfalls og draga úr lántökupörf samlagsins og fjármagnskostnaði þess. Tillagan felur í sér að samlagið á að geta greitt mestan hluta af núverandi ádrætti á lánalínu samlagsins að fjárhæð 1.100 mkr í ársbyrjun 2021 en að 300 mkr (eftirstöðvum) verði breytt í langtímalán 2021.

Skipting stofnframlaga á sveitarfélögin er sýnd í eftirfarandi töflu.

Sveitarfélag	Hlutföll m.v. 1.des 2019	jún 2020	sept 2020	2021	Alls
Reykjavík	56,34%	169.020.000	112.680.000	281.700.000	563.400.000
Kópavogur	16,30%	48.900.000	32.600.000	81.500.000	163.000.000
Hafnarfjörður	12,88%	38.640.000	25.760.000	64.400.000	128.800.000
Garðabær	7,26%	21.780.000	14.520.000	36.300.000	72.600.000
Mosfellsbær	5,18%	15.540.000	10.360.000	25.900.000	51.800.000
Seltjarnarnes	2,04%	6.120.000	4.080.000	10.200.000	20.400.000
<b>Samtals</b>		<b>300.000.000</b>	<b>200.000.000</b>	<b>500.000.000</b>	<b>1.000.000.000</b>

## 2. Endurskoðun á staðfestri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun samlagsins

Tekin hefur verið saman tillaga að uppfærðri fjárfestingaráætlun er byggir á ítarlegri yfirferð stjórnenda yfir nauðsynleg tækjakaup til að tryggja fulla virkni fjárfestinga í breyttu vinnsluferli SORPU og breytinga sem leiða af lokun urðunarstaðar í Álfsnesi og væntanlegum útflutningi á sorpi til orkuendurvinnslu á næstu árum. Áætlunina má sjá í meðfylgjandi töflu. Nauðsynlegt þykir að auka nokkuð fjárfestingar 2020 og 2021 en á móti er dregið úr þeim á seinni hluta tímabilsins.

Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum í nýrri urðunarrein á áætlunartímabilinu en áður hafði verið kynnt fjárfesting í nýrri urðunarrein er nam á bilinu 800 - 1150 m.kr. Í fjárfestingaáætlun hefur og verið tekið tillit til aukins rekstrarkostnaðar 2020 og 2021 vegna frágangs á urðunarstað og gjaldfærslu fastafjármuna vegna lokunar Gýmis.

Fjárfestingar í þ.kr.	2020	2021	2022	2023	2024
Fjárfest í Gufunesi Fasteign - Stækkun MTFS	-93.937	0	0	0	0
Fjárfest í Gufunesi Tækjabúnaður MTFS	-343.454	0	0	0	0
Fjárfest í gasgerðarlausn GAJA	-671.819	0	0	0	0
Fjárfest í Gufunesi - Fasteign og umhverfi	-31.000	-52.000	-15.000	-13.000	-12.000
Fjárfest í Gufunesi - Vinnuvélar	0	-110.770	-45.800	-50.950	-52.120
Fjárfest í Gufunesi - Tækjabúnaður Viðbót	-177.326	-83.900	-29.000	-15.000	-88.500
Fjárfest í GAJA Fasteign og umhverfi	-123.700	-50.000	-30.000	-200.000	-100.000
Fjárfest í GAJA - Vinnuvélar	-41.300	-100.200	-10.000	-1.000	-15.000
Fjárfest í GAJA - Tækjabúnaður	-51.500	-3.000	-13.000	-20.000	-20.000
Fjárfest í Álfsnesi og Gash Fasteign og umhverfi	-20.000	-40.000	-70.000	-30.000	0
Fjárfest í Álfsnesi og Gash - Vinnuvélar	0	-10.000	-4.000	0	0
Fjárfest í Álfsnesi og Gash - Tækjabúnaður	-25.900	-41.800	-30.000	0	0
Fjárfest í Gufunesi Skrifstofa	-15.500	-54.200	-8.400	0	0
<b>Fjárfestingar SORPU</b>	<b>-1.595.437</b>	<b>-545.870</b>	<b>-255.200</b>	<b>-329.950</b>	<b>-287.620</b>
Fjárfestingar eigenda í endurvinnslustöðvum	0	0	-400.000	-800.000	-600.000
<b>Fjárfestingar með EVST</b>	<b>-1.595.437</b>	<b>-545.870</b>	<b>-655.200</b>	<b>-1.129.950</b>	<b>-887.620</b>

Tekið skal fram að starfshópur eigenda vinnur að tillögum um framtíðarfyrirkomulag endurvinnslustöðva (EVST). Starfshópurinn hefur ekki kynnt hugmyndir sínar fyrir eigendum þegar þetta er ritað og ekki skilað af sér tillögum. Ef eigendur vilja breyta fjárfestingaráætlun

Í samræmi við mögulegar tillögur starfshópsins kallar það á samsvarandi breytingu á lántökum í fjármögnunaráætlun samlagsins en á ekki að hafa nein áhrif á þær tillögur sem hér eru kynntar, enda standa eigendur beint undir þessum kostnaði.

Fjármálateymi SORPU og framkvæmdastjóri  
16. júní 2020